

Vallins-hjónin heima. Þau áttu eina stúlku og þrjá drengi.

Til viðurværis hafði fólk þetta súpu og jarðepli og—loftið, og átti í herkjum. Klukkan sjö að morgni, um nónbil og náttmál smöluðu konurnar kjúklingum sínum saman til verðar, eins og gæsa-hirðar smala saman hjörð sinni. Börnin settust eftir aldri framan að tréborði, sem bar með sér að hafa verið notað í fimmtíu ár. Munnar yngstu smælingjanna náðu eigi jafn-hátt borðinu. Fyrir framan þau var sett djúp skál full af brauði, sem bleytt hafði verið upp í kartöplu-soðinu, hálfu kálhöfði og þrem laukum, og allir angarnir átu þangað til hungrið hvarf. Hið minsta varð móðirin sjálf að mata.

Á sunnudögum var dálítið kjöt, sem soðin hafði vera súpa af, öllum hátíðamatúr. Þann dag sátu feðurnir lengur að verði og sögðu aftur og aftur: Það ætti við mig að hafa svona mat á hverjum degi.

Í ágústmánuði síðdegis nam léttur vagn staðar fyrir framan kotbæi þessa og ung kona, sem hafði taumhaldið, sagði við herra mann, er sat við hlið henni:

„Nei, sko, Henrí, allan krakkahópinn. Hvað þau eru falleg, þó þau velti sér svona í moldinni!“

Maðurinn svaraði ekki. Hann var þessum aðdáunar-upphrópum vanur, var ekkert um þau og leið illa. Konan unga hélt áfram:

„Eg má til með að taka þau á fang mér. Ó,